

Ár 2011, fimmtudaginn 18. ágúst kl. 8:00 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins. Mættir voru: Unnur Þormóðsdóttir, Ninna Sif Svavarsdóttir og Róbert Hlöðversson. Ennfremur sátu fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri og Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri, sem ritaði fundargerð í tölvu.

Unnur Þormóðsdóttir formaður, setti fund og stjórnaði.

Leitaði hún eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Eftirfarandi fært til bókar:

1. Bréf sem borist hafa frá:

1.1. Arkitektafélagi Íslands frá 5. ágúst 2011.

Í bréfinu er rætt um mögulega endurbyggingu Eden og hvatt til opinnar hönnunarsamkeppni enda hafi slíkt gefist afar vel þegar efnt var til samkeppni um nýjan miðbæ í Hveragerði.

Lagt fram til kynningar.

1.2. Gróu Friðgeirsdóttur frá 14. ágúst 2011.

Í bréfinu sem ritað er fyrir hönd afkomenda Friðgeirs Kristjánssonar er óskað eftir styrk frá Hveragerðisbæ vegna golfmóts til minningar um Friðgeir.

Bæjarráð samþykkir að styrkja mótið með sama hætti og undanfarin ár.

1.3. GeoGreenhouse frá 16. ágúst 2011.

Í bréfinu er óskað eftir viðræðum um byggingu og starfrækslu ylræktarvers í Hveragerði.

Bæjarráð fagnar stórhuga áætlunum forsvarsmanna fyrirtækisins og felur bæjarstjóra ásamt skipulags- og byggingafulltrúa að ræða nánar við bréfitara.

2. Fjárhagsleg málefni:

2.1. Beiðni um námsvist í Vallaskóla á Selfossi.

Lögð fram beiðni um að nemandi með lögheimili í Hveragerði fái að stunda nám í Vallaskóla á Selfossi.

Bæjarráð sér sér því miður ekki fært að verða við erindinu enda liggur ekki fyrir álit sérfræðings í málinu. Í ljósi þess að skólastarf er að hefjast er bæjarstjóra falin fullnaðarafgreiðsla málsins ef að umrætt álit berst.

2.2. Bréf frá félagsmálastjóra vegna umsóknar um námsvist í Reykjavík.

Lagt fram bréf frá félagsmálastjóra vegna umsóknar tveggja nemenda um námsvist í Reykjavík til 1. desember 2011.

Bæjarráð samþykkir erindið.

2.3. Minnisblað frá bæjarstjóra frá 16. ágúst vegna tónlistarskóla.

Lagt fram minnisblað frá bæjarstjóra þar sem gerð er grein fyrir breyttu umhverfi tónlistarskólanna í kjölfar samkomulags ríkis og sveitarfélaga um eflingu tónlistarnáms og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms. Ennfremur er gerð grein fyrir því hvernig umrætt samkomulag snýr að Hveragerðisbæ.

Bæjarráð samþykkir að þeir tveir einstaklingar sem hófu nám áður en umræddar reglur voru settar og falla ekki undir samkomulag ríkis og sveitarfélaga fái að halda áfram námi á vetri enda sýni þeir eðlilega námsframvindu. Hveragerðisbær mun framvegis ekki greiða fyrir hljóðfæranám nemenda á grunn- og miðstigi sem orðnir eru 20 ára. Hveragerðisbær mun greiða fyrir nemendur 20 ára og eldri sem stunda nám á grunnstigi í söng.

2.4. Bréf frá Sveitarfélaginu Ölfus frá 16. ágúst 2011.

Lagt fram bréf frá Sveitarfélaginu Ölfus þar sem óskað er eftir framlengingu á samningi vegna leikskólalássa fyrir börn í Ölfusi í leikskólum Hveragerðis.

Bæjarráð samþykkir að framlengja samninginn í eitt ár og rennur hann þá út án uppsagnar.

3. Starfsmanna málefni:**3.1. Lex lögmönnum frá 11. ágúst 2011**

Lagt fram bréf frá Lex lögmönnum vegna kröfu Sigfríðar Sigurgeirsdóttur á bótum eftir úrskurð innanríkisráðuneytis vegna ráðningar í stöður deildarstjóra við GÍH.

Bæjarráð hafnar alfarið öllum bótakröfum vegna umrædds máls og felur lögmönnum bæjarins að gera hlutaðeigandi grein fyrir þeirri niðurstöðu.

3.2. Minnisblað frá félagsmálastjóra frá 15. ágúst vegna ráðningar félagsráðgjafa í félagsþjónustu.

Lagt fram bréf frá félagsmálastjóra vegna ráðningar í starf félagsráðgjafa í félagsþjónustu.

Bæjarráð samþykkir að ráða Höllu Dröfn Jónsdóttur í starf félagsráðgjafa hjá Hveragerðisbæ.

3.3. Upplýsingar vegna fyrirhugaðs verkfalls Félags leikskólakennara.

Lögð fram bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga vegna fyrirhugaðs verkfalls leikskólakennara.

Bæjarráð Hveragerðis telur störf leikskólakennara afar mikilvæg og vonar að samkomulag náist sem fyrst milli Launaneftdar sveitarfélaga og Félags leikskólakennara. Komi engu að síður til verkfalls leggur bæjarráð áherslu á að fylgt verði því verklagi sem Samband íslenskra sveitarfélaga telur rétt varðandi opnun leikskóla í verkfalli. Bæjarráð felur bæjarstjóra

að framfylgja ákvörðun bæjarráðs.

4. Fundargerðir til kynningar:

- 4.1. **Stjórnar SASS frá 12. ágúst 2011.**
- 4.2. **Stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands bs frá 10. ágúst 2011.**

Fundargerð upp lesin og samþykkt.
Fleira ekki gert og fundi slitið kl 9:38

Unnur Þormóðsdóttir, (sign)

Róbert Hlöðversson, (sign.)

Ninna Sif Svavarsdóttir, (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)